

Fyrnum fyrningarleiðina!

Eyjamenn sigla flotanum til hafnar á baráttufund gegn fyrningarleið í sjávarútvegi, útflutningsálagi og afnámi sjómannaafsláttar

Fyrnum fyrningarleiðina! er yfirskrift baráttufundar sem boðað er til í Vestmannaeyjum annað kvöld, 21. janúar, gegn fyrningarleið í sjávarútvegi, útflutningsálagi á ísfiski, afnámi sjómannaafsláttar og aðför að landsbyggðinni.

Stór hluti flota Eyjamanna siglir í land á morgun til að sjómennirnir geti tekið þátt í fundinum og sýnt stjórnvöldum hug sinn í verki.

Fundarboðendur eru **Sjómannafélagið Jötunn, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, Félag vélstjóra- og málmteknimanna, Godthaab í Nöf** (fiskvinnsla án útgerðar), **Útvegsbændafélag Vestmannaeyja, Útvegsbændafélagið Heimaey og Vestmannaeyjabær.**

Baráttufundurinn hefst í Höllinni kl. 20:00 en húsið verður opnað kl. 19:30 og gestum boðið upp á súpu til hressingar og upphitunar fyrir fund.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, verður sérstakur gestur fundarins og fjallar um fyrningarleið í sjávarútvegi og hvernig hún ógnar tilveru sjávarútvegsfyrirtækja og svokölluðum stöðugleikasáttmála stjórnvalda, vinnumarkaðarins og sveitarfélaga um hvernig stuðla beri að endurreisn íslensks efnagslífs.

Einnig flytja ávörp **Sigurður Sveinsson**, varaformaður Sjómannafélagsins Jötuns, **Eyþór Harðarson**, varaformaður Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, **Friðrik Björgvinsson**, umboðsmaður Félags vélstjóra- og málmteknimanna, og **Elliði Vignisson**, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

Fundarstjóri verður **Páley Borgþórsdóttir**, formaður bæjarráðs í Eyjum.

Eyjamenn eiga allt undir sjávarútveginum

Elliði Vignisson bæjarstjóri segir að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi í maí 2009 ályktað gegn fyrningarleið í sjávarútvegi og talið hana jafngilda aðför að atvinnulífi Vestmannaeyja og þar með að byggð í Eyjum:

„Vestmannaeyjabær tekur þátt baráttufundinum vegna þess að samfélagið í Eyjum stendur eða fellur með sjávarútveginum. Allir íbúar eiga í raun allt sitt undir því hvernig þessari atvinnugrein og fyrirtækjum í henni vegnar. Við ætlum ekki að **horfa** þegjandi og aðgerðalaus á velferð okkar skerta á þann máta sem nú er boðað. Áformuð fyrningarleið, álag á arðbæran útflutning á ferskum fiski, upptaka á eignum fyrirtækja og niðrandi ummæli ráðamanna um atvinnulíf okkar vega að undirstöðum sjávarútvegsins, þeirrar atvinnugreinar sem dregur vagninn í efnahagslífi okkar Eyjamanna og þjóðarinnar allrar. Velferð sjávarútvegsins er velferð hagkerfisins. Þegar nú við þurfum á öllu að halda til að tryggja atvinnu og útflutningstekjur, og styrkja efnahagsundirstöður þjóðarinnar, væri nær fyrir þá stjórnámálamenn, sem ráða ferð í landstjórninni, að standa með sjávarbyggðum frekar en að ráðast að þeim.“

Skemmdarverkastarfsemi

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi er meðal aðstandenda baráttufundarins. „Með aðgerðum stjórnvalda er verið að vinna hrein og klár skemmdarverk á íslenskum sjávarútvegi sem setja munu Ísland endanlega á hausinn takist ekki að stöðva framgang þeirra,“ segir **Bergur Páll Kristinsson**, formaður Verðand. Honum þykir ómurllegt að verða vitni að því að útflutningsálag sé nú aftur tekið upp eftir að tókst að fá það afnumið fyrir tveimur árum, með margra ára baráttu.

Kjör sjómanna skerðast

Útvegsbændafélag Vestmannaeyja er sömuleiðis meðal aðstandenda baráttufundarins í Eyjum. **Þórður Rafn Sigurðsson**, formaður þess, segir að boðaðar aðgerðir stjórnvalda gagnvart sjávarútveginum séu „grafalvarlegt mál fyrir sjávarútveginn og aðför að útgerðinni.“ Þá séu þær ekki síður aðför að sjómönnum og muni meðal annars „kalla 10% kjaraskerðingu yfir sjómenn: Fyrst kemur 5% skerðing vegna útflutningsálagsins 1.febrúar næstkomandi og síðan fylgja önnur 5% vegna fyrningarinnar.“

Þá hefur Þórður Rafn miklar efasemdir um að raunhæft sé að þvinga menn til að landa öllum afla á markað í Vestmannaeyjum. Vegna takmarkaðrar flutningsgetu Herjólfss verði ekki unnt að koma aflanum þaðan upp á fastalandið og fækkun ferða skipsins torveldi þann flutning enn frekar.

Fyrir hönd frumkvæðishópsins,

Elliði Vignisson

bæjarstjóri, sími 690 1599.

Hafdís Snorradóttir,

framkvæmdastjóri Útvegsbændafélags Vestmannaeyja.

Friðrik Björgvinsson,

umboðsmaður Félags vélstjóra- og málmteknimanna.